

Samkvæmt hinu framanritaða ber að staðfesta hinu áfrýjaða dóm, bæði aðalefni hans og málskostnaðarákvæði. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli eptir atvikum niður.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dómi þessum skal fullnægja, áður liðnar sjeu 8 vikur frá lögbirtingu hans að vidlagðri aðför að lögum.

Nr. 28/1897:

Hannes Þorsteinsson
 gegn
 Birni Jónssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði ritstjóri Þjóðólfs Hannes Þorsteinsson upphaflega fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn ritstjóra Ísafoldar Birni Jónssyni út af meidandi og móðgandi orðum um sig í bladinu Ísafold. Var málið dæmt á bæjarþinginu 10. júní þ. á. með þeim úrslitum, að hinn stefndi, ritstjóri Björn Jónsson, var sýknaður af kærum og kröfum stefnanda og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur ritstjóri Hannes Þorsteinsson áfrýjað til landsyfirrjettarins með stefnu, 22. júní þ. á., og krafizt að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og honum breytt þannig, að stefndi Björn Jónsson verði látinn sæta ábyrgð og hæfi-

legum sektum eptir rjettarins mati fyrir háðsleg og meiðandi ummæli um sig í Ísafoldargrein með fyrirsögninni »Þjóðólfsmaðurinn« og dæmdur til að greiða allan málskostnað eptir mati rjettarins. Hins vegar hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjandi bæjarþingsdómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sjer málskostnað fyrir báðum rjettum eptir mati rjettarins.

Í grein einni í 16. tölubl. »Ísafoldar« með fyrirsögninni »Þjóðólfsmaðurinn«, sem kom út 13. marz þ. á., átelur áfrýjandi auk fyrirsagnar greinarrinnar sem meiðandi og móðgandi fyrir sig þessi orð: »Ljúfmennið hógværa, þrúðmennið góðgjarna, góðmennið lítilláta, spakmennið snjalla og djúphyggna, iturmennið glæsta«; enn fremur þessi ummæli, að áfrýjandi hafi »falast eptir þeim greiða (af stefnda), að hann notaði fægistöf hegningarlaganna til þess að »garva« goðum líkt hörund velnefnds þjóðmennis (o: áfrýjanda), svo að af því legði enn meiri ljóma en áður«. Að því er þessi ummæli snertir, er yfirdómurinn samdóma undirdómaranum um, að hvorki í fyrirsögninni nje í meginmálinu felist nein aðdróttun um nokkuð það, er ósæmilegt sje að almannadómi, en þrátt fyrir það verða ummælin að álitast svo óvirdandi og móðgandi fyrir áfrýjandann, að það þykir rjett, að stefndi sæti ábyrgð fyrir þau samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869. Sekt hans eptir þessari lagagrein þykir hæfileg 40 kr., er renni í landssjóð, og komi í stað hennar 8 daga einfalt fangelsi, ef hún eigi greiðist öll innan á-

kveðins tíma. Eptir þessum málsúrslitum þykir og rjett, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, er ákveðst 25 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn stefndi ritstjóri Björn Jónsson á að greiða 40 króna sekt í landssjóð, en til vara sæti hann 8 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi öll greiðist innan ákveðins tíma; svo greiði hann og í málskostnað til áfrýjanda 25 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna, frá því hann er löglega birtur, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 15. nóvembermánaðar.

Nr. 29/1897:

Hannes Þorsteinsson
gegn

Birni Jónssyni.

D ó m u r:

Björn Jónsson, ritstjóri Ísatoldar, höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur gegn Hannesi Þorsteinssyni, ritstjóra Þjóðólfs, fyrir nokkur ummæli í 12. tölubl. 49. árg. þessa blaðs, sem Björn Jónsson áleit beint að sjer og taldi ærumeiðandi fyrir sig. Var málinu ráðið til lykta með dómi bæjarþingsrjettarins, uppkveðnum 10. júní þ. á., á þá leið, að hin átöldu meiðyði og vanvirdandi ummæli voru dæmd dauð og ómerk,